LAXDÆLA SAGA

Stytt og endursögð af Gunnari Karlssyni

Kennarahandbók

Kennarahandbókina hefur Gunnar Karlsson samið,
að hluta til upp úr verkefnaforða frá Guðnýju Ýri Jónsdóttur.

LAXDÆLA SAGA – kennarahandbók
© 1996 Gunnar Karlsson
1. útgáfa 1996
Öll réttindi áskilin

Umbrot: Námsgagnastofnun
Til útprentunar

Efni

Um útgáfuna 4
Um Laxdæla sögu 5
1. Unnur djúpúðga 7
2. Höskuldur Dala-Kollsson kaupir ambátt 8
3. Melkorka 9
4. Ólafur pái 10
5. Írlandsför 11
6. Bónorð Ólafs 12
7. Kjartan og Bolli 13
8. Sverðið Fótbítur 14
9. Draumar Guðrúnar Ósvífursdóttur 15
10. Fyrsta hjónaband Guðrúnar 16
12. Guðrún og Kjartan 18
13. í Noregi 19
14. Kjartan og Bolli gerast konungsmenn 20
16. Bolli og Guðrún 22
17. Kjartan kemur til Íslands 23
18. Haustboð á Laugum 24
19. Kjartan og Hrefna 25
20. Gripahvörf 26
21. För Kjartans að Laugum 27
22. Jarðakaup 28
23. Kjartan fer vestur í Saurbæ 29
24. Mannvíg í Svínadal 30
25. Eftirmál 31
26. Hefndarhvöt Þorgerðar 32
27. Hefndin 33
28. Guðrún flyst að Helgafelli 34
29. Ráðagerð um hefnd 35
30. Skorradalsför 36
31. Bani Helga Harðbeinssonar 37
32. Fjórða hjónaband Guðrúnar 38
33. Fráfall Þorkels Eyjólfssonar 39
34. Þeim var ég verst 40
Þegar sagan er öll 41
Heimildir 43

Um útgáfuna

Texti Laxdæla sögu er hér styttur um talsvert meira en helming. Frásögnum sem virðast útúrdúrar frá meginþræði sögunnar er sleppt, eins þótt sumar þeirra séu ágætar sögur. Af atburðum sem eru látnir halda sér er frásögnin víða stytt og einfölduð. Þó er miklu af upprunalegu orðalagi haldið óbreyttu. Hér eru tvö markmið einkum höfð í huga; að miðla til ungs fólks þeim menningararfi sem við eigum í Laxdælu, þar á meðal kynnum af helstu persónum hennar og fleygum tilsvörum þeirra, hins vegar að færa lesendur sem næst því marki að verða læsir á Íslendingasögur í upprunalegri gerð. Því var endursögnin af ásettu ráði höfð þyngri en hún þyrfti að vera til að koma söguþræðinum áleiðis.

Verkefnunum í heftinu er skipt í tvo flokka, þótt sum þeirra hljóti að vera á mörkum flokkanna. Annars vegar eru upprifjunarspurningar. Oftast er unnt að finna nokkurn veginn ótvíræð svör við þeim í textanum, en margar þeirra reyna á hæfni til að umorða og sýna þannig hvernig textinn hefur verið skilinn. Þessi verkefni þóttu ekki gefa tilefni til svara eða umræðu hér í heftinu. Hins vegar eru umræðuefni, túlkunarverkefni, sem gera meirir kröfur til lesenda. Víða er gengið nokkuð langt í að svara spurningum sem varpað er fram í umræðuefnunum. Það er gert að hluta til í von um að það spari kennurum vinnu, að hluta til í von um að þannig verði girt fyrir misskilning milli verkefnishöfundar og kennara.

Í svörunum við umræðuefnunum er víða haldið áfram út í fróðleik sem kennarar munu miðla til nemenda fremur en reyna að toga upp úr þeim. Fræðslu um söguna í heild er að finna í kaflanum hér á eftir, „Um Laxdæla sögu“, og um einstök atriði er sums staðar stungið inn fróðleiksmolum í köflum um einstaka kafla. Þetta efni er sett hér til þjónustu við kennara, ef þeir vilja nýta sér það á einhvern hátt, ekki af því að það sé talin nein forsenda þess að njóta sögunnar og menntast af henni.

Heimildir að því sem hér er reitt fram eru taldar í heimildaskrá í lok heftisins. Mest er sótt í inngang Einars Ól. Sveinssonar að Laxdæla sögu í *Íslenzkum fornritum* V. Annað mun vera afrakstur af kennslu Ólafs Briem í Menntaskólanum að Laugarvatni fyrir næstum 40 árum.

Um Laxdæla sögu

Varðveisla

Laxdæla saga er varðveitt í heild í Möðruvallabók, handriti frá fyrri hluta 14. aldar, en brot af henni eru í fleiri skinnhandritum og sagan öll í ungum pappírshandritum. Í flestum eða öllum útgáfum sögunnar er texti Möðruvallabókar lagður til grundvallar, og á honum er reist sú endursögn sem þetta heftir fylgir. Þar lýkur sögunni þó ekki þar sem hér er numið staðar. Eftir það koma tíu kaflar þar sem Bolli Bollason er aðalpersónan. Fræðimenn hafa jafnan verið sammála um að þessir kaflar væru ekki upprunalegir, enda standa þeir sögunni langt að baki að listfengi og fylgja henni ekki í öðrum aðalflokki handritanna. Þeir hafa því verið greindir frá sögunni í útgáfum og gefnir út undir heitinu Bolla þáttur.

Ritunartími

Menn hafa lengi verið sammála um að Laxdæla saga sé skráð um miðja 13. öld. Rök fyrir þeirri tímasetningu verða ekki öll talin hér, en nefna má dæmi til að gefa fróðleiksfúsum nemendum hugmynd um hvernig komist er að niðurstöðum um aldur sagna.

Annars vegar getur sagan varla verið eldri en frá um 1230:

Áhrif riddarasagna: Í sögunni eru greinileg áhrif frá riddarasögum og riddaramenningu sunnan úr Evrópu. Þar eru glæsilegir búningar og skart, málaðir og gylltir skildir og söðlar. Að minnsta kosti eitt atriði virðist sótt til riddarasagna, og er þess getið við 31. kafla hér á eftir. Ekki er vitað til að franskar riddarasögur hafi verið þýddar á norrænu fyrr en árið 1226, og almennt jukust áhrif suðrænnar aðalsmenningar í Noregi á valdatíma Hákonar konungs Hákonarsonar, 1217–63.

Ættartölur: Ættir eru nokkrum sinnum raktar frá sögupersónunum fram á 13. öld, til dæmis til Ketils „er ábóti var að Helgafelli“, en Ketill þessi lést árið 1220.

Hins vegar bendir annað til að sagan sé ekki yngri en frá miðri öldinni:

Skírslur í gildi: Í 18.kafla sögunnar sjálfrar (ekki í endursögninni) segir frá því að maður gerir skírslu til að sanna vitnisburð sem skiptir máli í erfðadeilu. Því fylgir athugasemd í sögunni: „Ekki þóttust heiðnir menn minna eiga í ábyrgð, þá er slíka hluti skyldi fremja, en nú þykjast eiga kristnir menn, þá er skírslur eru gervar.“ Nú vill svo til að Vilhjálmur kardináli af Sabina bannaði skírslur og guðsdóma í Noregi, þegar hann kom þangað til að krýna Hákon konung árið 1247. Árið eftir er talað um „boðorða breytni“ í íslenskum annálum, og er sennilegt að þar sé vísað til boðorða kardinála. Einar Ól. Sveinsson telur að höfundur Laxdælu hafi fylgst svo vel með að hann hefði tekið öðruvísi til orða um skírslur ef hann hefði ekki verið búinn að skrifa þennan hluta sögunnar fyrir 1248.

Aldur handrita: Elsta handritsbrot sögunnar, AM 162 D2, fol., er talið vera frá síðari hluta 13. aldar, og önnur brot eru tímasett um 1300.

Höfundur

Höfundur Laxdælu er óþekktur eins og höfundar annarra Íslendingasagna. Ekki vantar þó að reynt hafi verið að finna nafngreinda menn sem höfunda að henni. Þannig segir Einar Ól. Sveinsson að Ólafur Þórðarson hvítaskáld sé furðu líkur þeim manni sem ritaði Laxdælu.

Helga Kress hefur líklega fyrst varpað fram þeirri hugmynd að sagan væri

skráð, eða sögð, af konu. Í Laxdælu er lögð meiri rækt við kvenpersónur og kvenlegt sjónarhorn en í nokkurri Íslendingasögu annarri, eins og rækilega er bent á í greinum Helgu og Robert Cook. Unnur djúpúðga, Melkorka og Guðrún Ósvífursdóttir eiga sér ekki hliðstæður í öðrum sögum. Guðrún er varla minni aðalpersóna sögunnar en Egill í Egils sögu eða Hrafnkell í Hrafnkels sögu. Jafnvel ónafngreind fóstra Melkorku öðlast fágætt líf í sögunni. Jórunn húsfreyja á Höskuldsstöðum, Þorgerður Egilsdóttir og Þuríður Ólafsdóttir þættu sóma sér vel sem helstu kvenpersónur í flestum sögum. Höfundur sér karlmenn fremur fyrir sér sem fríða en hrausta og sterka; hann hefur mikinn smekk fyrir skarti og fögrum klæðum, bæði á körlum og konum. Ástin er hreyfiafl sögunnar, fremur en deilur um eignir og völd.

Hér skal þó ekki fullyrt að Laxdæla sé eftir konu. Alkunnugt er að karlar hafa mismikinn smekk fyrir konum sem persónum, og sagan getur verið sett saman af karlmanni sem hafði þann smekk í meira lagi. Hugmynd Helga Skúla Kjartanssonar kemur vel heim við þá skoðun, þó að hann haldi að vísu engu fram um kynferði höfundar. En Helgi bendir á að sagan fjalli furðu mikið um viðfangsefni sem hafi verið hugleikin fólkinu á Sauðafelli í Dölum um miðbik 13. aldar, einkum Solveigu Sæmundardóttur frá Odda, konu Sturlu Sighvatssonar. Lesendur þessarar bókar hafa kynnst Solveigu á námsferli sínum hafi þeir lesið *Sjálfstæði Íslendinga* I eftir Gunnar Karlsson. Þar er hún persóna í 14. kafla sem heitir Konur og börn á ófriðartímum.

Atburðatími

Tengslin við kristnitökuna sýna að meginatburðir Laxdæla sögu eiga að gerast á árunum í kringum aldamótin 1000, þótt hún byrji um öld fyrr. Unnur djúpúðga leggur leið sína til Íslands á landnámsöld. Gerum ráð fyrir 33 árum á milli ættliða að meðaltali, og að Þorgerður Þorsteinsdóttir, sonardóttir Unnar og kona Dala-Kolls, hafi komið til Íslands gjafvaxta um 900. Þá kemst Höskuldur sonur Þorgerðar á kvonfangsaldur um 933, Ólafur sonur hans um 966 og Kjartan Ólafsson um 999. Það ár var Kjartan einmitt með konungi í Noregi og spjallaði við Ingibjörgu systur hans, en Guðrún beið Kjartans heima í Sælingsdal. Þegar kemur fram yfir aldamótin fara aðrar heimildir og traustari að verða til samanburðar, enda var sá ágæti tímatalsfræðingur Ari fróði sonarsonarsonur Guðrúnar og Þorkels Eyjólfssonar. Þá kemur í ljós að tímatal Laxdælu stenst ekki nákvæmlega. Samkvæmt sögunni getur víg Kjartans ekki orðið fyrr en um 1003 og víg Bolla ekki fyrr en um 1007. Eftir það fæðist Bolli Bollason og hann hefnir föður síns tólf vetra gamall. Eftir það giftist Guðrún Þorkatli og eignast Gelli. Þá hlýtur að vera komið fram um 1020. Samkvæmt færslu í Konungsannál ætti Gellir hins vegar að vera fæddur um 1008, og kemur það vel heim við annað sem er sagt frá honum í sögum. Hér hefur listræn þörf sögunnar borið ofurliði það sem menn vissu sannast um tímatal. Til þess að láta Bolla Bollason hefna föður síns í samræmi við forspá Helga Harðbeinssonar, og láta hefndina vera undanfara að hjónabandi Guðrúnar og Þorkels, varð að láta Guðrúnu vera ekkju á annan tug ára eftir víg Bolla.

Sanngildi

Þetta sannar að atburðarás Laxdælu hefur ekki getað gerst í öllum atriðum eins og hún er sögð í sögunni. Hitt er þó víst að ekki hefur höfundur hennar skáldað hana frá grunni. Sagan á mikið af persónum sameiginlegt með öðrum Íslendingasögum, einkum Eyrbyggja sögu, og er stórum nærtækara að skýra samband sagnanna með sameiginlegum arfsögnum en rittengslum einum. Söguhöfundur hlýtur að hafa notað sér sagnir sem gengu manna á milli í byggðunum við Breiðafjörð, og vafalaust víðar, á 13. öld. Hitt er óvissara hverja stoð þær hafa átt í sögulegum veruleika.

1. Unnur djúpúðga

1.–7. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 3–13. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1537–41.

Upprifjun

1) Hvers vegna fluttist Ketill flatnefur frá Noregi?
2) Hvers vegna vildu synir Ketils flytjast til Íslands?
3) Unnur djúðúðga var mikið afbragð annarra kvenna. Nefnið nokkur dæmi sem sýna það.

Umræðuefni

1. Hvað munið þið að segja frá Haraldi konungi hárfagra og ástæðum þess að fólk nam land á Íslandi?

   Um þetta er fjallað í *Landnámi Íslands*. Harald má finna þar í nafnaskrá.

   Ástæður landnámsins koma mest fram í kaflanum „Vestur-Noregur á landnámsöld“, einkum á bls. 10 og 13–15.

2. Landnámu og Laxdælu ber saman um að Unnur djúpúðga hafi dáið í miðri veislu. Hins vegar segir Landnáma að hún hafi verið kristin og því grafin í flæðarmáli af því að hún vildi ekki liggja í óvígðri mold. En í Laxdælu er hún heygð að heiðnum sið. Þetta virðist sanna að hvorug frásögnin sé beinlínis tekin upp eftir hinni. Hins vegar eru þær skyldar á einhvern hátt. Hvernig getur staðið á þessu?

   Þetta bendir til arfsagna, hvort sem þær eru sannleikanum samkvæmar eða ekki. Ekkert er sérstaklega ólíklegt við að þessi sameiginlegi kjarni sagnanna sé sannur, en líka gæti einhver sögumaður hafa fundið hann upp og sagan síðan verið sögð á ólíkan hátt. En hvort sem satt er bendir þetta til að sagnir af Unni hafi verið til áður en farið var að skrifa sögurnar.

Fróðleikur

Frá Katli flatnef og Unni djúpúðgu er sagt á ólíkan hátt í öðrum sögum, Eyrbyggja sögu og Landnámabók. Þar er Ketill látinn fara vestur um haf á vegum Haralds hárfagra til að yfirbuga norska víkinga sem herjuðu á Noreg. Ketill hafi orðið höfðingi yfir Suðureyjum og lagt þær undir sjálfan sig fremur en konung. Þar er Unnur kölluð Auður djúpauðga, og í Landnámu er hún sögð kristin. Í írskum annálum er getið um mann sem þar var á síðari hluta 9. aldar, sonur Noregskonungs, kallaður „Amlaib conung“. Halda menn að þar sé komið nafnið Ólafur og gæti verið Ólafur hvíti. Fátt finnst annað í írskum heimildum sem styður frásögn Laxdælu.

2. Höskuldur Dala-Kollsson kaupir ambátt

9., 11.–13. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 16–18., 21–26. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1543–47.

Upprifjun

1) Hvaða erindi átti Höskuldur Dala-Kollsson utan til Noregs?

2) Hvaða galli var á ambáttinni sem Höskuldur keypti?

Umræðuefni

1. Hverju kunnið þið að segja frá um þræla og ambáttir? – Hver var munurinn á því að vera þræll eða ambátt og frjáls maður? – Hvaðan er líklegast að ambáttir Gilla hafi komið upphaflega? – Hvernig hafa þær komist í eigu rússnesks kaupmanns?

   Í *Landnámi Íslands*, 54–55, er kafli um frjálsa menn og þræla.

3. Melkorka

13. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 26–28. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1547–49.

Upprifjun

1) Hvernig samdi Jórunni konu Höskulds og Melkorku ambátt hans?

2) Hverrar ættar var Melkorka?

Umræðuefni

1. Hvers vegna talar Melkorka ekki við aðra en Ólaf son sinn?

   Fræðimenn munu alltaf hafa gert ráð fyrir að þögn hennar stafaði af særðu stolti. Í formála Laxdælu í *Íslenzkum fornritum* V, xvi, talar Einar Ól. Sveinsson um „sálarlíf þessarar herteknu konungsdóttur, sem lætzt vera mállaus af þrjózku við örlög sín“. Hitt er staðreynd að langvarandi málleysi getur stafað af taugaáfalli og lagast af sjálfu sér þegar spennunni léttir. Ekki þarf að koma á óvart þótt Melkorka hafi orðið fyrir miklu áfalli þegar víkingar rændu henni fimmtán ára gamalli. Ef við höldum það vaknar hins vegar önnur spurning: Hvernig ætlaðist höfundur sögunnar til að lesendur skildu málleysi Melkorku?

2. Hvaða tungumál ætli Melkorka hafi talað við þá Ólaf og Höskuld?

   Sagan sniðgengur þetta vandamál, en í næsta kafla kemur fram að Melkorka kenndi Ólafi írsku. Kannski má líta svo á að hún hafi lært norrænu af því að hlusta á Höskuldsstaðafólk. Eða gerir sagan ráð fyrir að íslenskir afkomendur þess norræna fólks sem hafði haft viðdvöl á Bretlandseyjum á víkingaöld hafi verið mælt á keltneska tungu?

Fróðleikur

Fræðimenn hafa leitað að Mýrkjartani konungi í írskum heimildum og fundið fremur of marga en of fáa. Margir írskir fylkiskonungar og höfðingjar á 10. öld báru nafnið *Muircertach*, en enginn þeirra var konungur yfir nærri því öllu Írlandi. Í írsku er líka til kvenmannsnafn, *Mael-Curcaich*, sem gæti vel orðið Melkorka í munni Íslendinga. Að Melkorka hafi verið til í rauninni hefur löngum þótt sannað af bæjarnafninu Melkorkustaðir. Gallinn er hins vegar sá að tóftir í landi Dýrastaða í Norðurárdal í Borgarfirði heita Melkorkustaðir, og þær standa á hól sem er að hluta til ber melur. Orðið *korka* er til í merkingunni „kyrkingur, vanþrif“. Gæti verið að Melkorka hafi verið örnefni, haft um stað þar sem kyrkingslegur gróður óx á eða við mel og nafn írsku konungsdótturinnar verið myndað af örnefninu? Þeirri hugmynd hefur Þórhallur Vilmundarson varpað fram sem hluta af náttúrunafnakenningu sinni.

4. Ólafur pái

16., 20.–21. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 37–39, 49–51. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1554, 1559–61.

Upprifjun

1) Hvernig gat Melkorka útvegað fé til utanfarar Ólafs?
2) Hvaða ráð átti Ólafur að hafa til að sanna móðerni sitt á Írlandi?

Umræðuefni

1. Hvers vegna hafði Melkorka svona mikinn áhuga á að Ólafur sonur hennar færi til Írlands?

   Að hluta til er svarið í kaflanum: hún vildi að hann fengi að njóta göfugrar móðurættar sinnar. Lesendur hlýtur að gruna að fólk hafi ekki trúað sögu Melkorku um uppruna sinn. Eina ráð hennar til að sanna hann var að koma Ólafi til Írlands og treysta á að hann gæti sannað uppruna sinn þegar hann kæmi til baka.

2. Hvernig gat Melkorka varðveitt gullhring, hníf og belti í ánauð sinni hjá Gilla hinum gerska? Gullhringurinn hefur líklega verið armbaugur, borinn um úlnlið; það var algengast á víkingaöld.

   Verðum við ekki að viðurkenna að sagan standist ekki frá raunsæissjónarmiði? Melkorka þarf að hafa sönnunargögn til að senda son sinn með til Írlands, og þá hefur söguhöfundur leyft sér að gleyma því að hún hafði verið blásnauð þegar Höskuldur keypti hana.

3. Hefði höfundur getað beitt öðrum trúverðugri ráðum til að gefa Ólafi sönnunargögn um uppruna sinn?

   Auðvitað má láta sér detta ýmislegt í hug. Melkorka hefði getað sagt Ólafi frá einhverju sem hún ein og faðir hennar eða fóstra vissu. Hú hefði getað lýst húsakynnum eða gripum þeirra þannig að aðeins kunnugur maður gæti sagt frá þeim. Segja má að ekkert slíkt væri örugg sönnun um móðerni Ólafs, en það eru gripir Melkorku tæpast heldur ef út í það er farið.

5. Írlandsför

21.–22. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 51–61. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1561–66.

Upprifjun

1) Segið með ykkar orðum frá fóstru Melkorku.

2) Hvers vegna vildi Ólafur ekki verða konungur yfir Írlandi?

Umræðuefni

1. Hvers vegna er látið koma fram að Örn stýrimaður hafi verið tregur að fara frá Noregi ti Írlands?

   Þetta er sennilega liður í því að sýna Írlandsförina sem hættuför og gera hetjudáð Ólafs þannig sem mesta. Það kemur fram í kaflanum að Írar eru ekki taldir góðir heim að sækja, ef maður lenti ekki í höfn sem var ætluð kaupmönnum.

2. Hér í kaflanum girðir höfundur fyrir þann möguleika að konung gruni að Ólafur hafi rænt sönnunargögnunum af Melkorku og þykist vera sonur hennar til þess að komast í mjúkinn hjá konungi. Hvernig?

   Konungur sagði að Ólafur væri svo líkur móður sinni að vel mætti þekkja hann af henni.

3. Sagan af fóstru Melkorku er sérkennileg í Íslendingasögum. Þjónar hún einhverjum sérstökum tilgangi í sögunni?

   Ætli henni sé ekki einkum ætlað að gefa innsýn í hvað Melkorku var kærast heima í föðurgarði? Höfundur gætir þess að lesendur sjái söguna ekki eingöngu frá sjónarmiði Ólafs, þó að ferðin sé einkum skref á framabraut hans.

6. Bónorð Ólafs

22.–23. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 62–66. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1566–68.

Upprifjun

1) Hvers vegna vildi Þorgerður Egilsdóttir ekki giftast Ólafi?
2) Venja var að leysa tigna gesti út með gjöfum. Hvað gaf Ólafur Agli að lokinni veislunni?

Umræðuefni

1. Egill segir við Höskuld að hann sé ættstór maður en Ólafur frægur af ferð sinni. Hann gerir ekkert úr móðurætt Ólafs þegar hann talar við Höskuld. Hins vegar segir Egill Þorgerði dóttur sinni að Ólafur sé miklu betur ættaður í móðurætt en föðurætt. Hvers vegna er Egill svona ósamkvæmur sjálfum sér?

   Þetta má skilja svo að Egill sé ekki sannfærður um að Ólafur sé konungborinn í móðurætt. Hins vegar vill hann sannfæra dóttur sína um að hann sé henni boðlegur og þá grípur hann til sögunnar um móðurætt Ólafs.

2. Sagt er frá mörgum bónorðum og giftingum í Laxdælu. Í heildina virðist birtast þar ákveðin skoðun á því hvort sé betra að fólk fái sjálft að ráða hverjum það giftist eða að foreldrar ráði því. Hvaða skoðun virðist ykkur koma fram á því í þessari frásögn af Ólafi og Þorgerði?

   Spurningin er að því leyti of snemma borin upp, að ekki hefur komið í ljós að góðar ástir tókust með Ólafi og Þorgerði. Hins vegar sést strax í þessari sögu að réttur stúlkunnar er virtur mikils. Hún fær tækifæri til að kynnast Ólafi sjálfum og það ræður úrslitum um hjónabandið. Vert er að taka eftir þessu í giftingarfrásögnum sem koma seinna.

3 . Tekið er fram að brúnin hafi lést á Agli Skallagrímssyni þegar Ólafur gaf honum sverðið. „og varð Egill allléttbrúnn við gjöfina," segir í upphaflegu sögunni. Hafið þið lesið eitthvað um augabrúnir Egils áður?

   Það er eitt af einkennum Egils í sögu hans að hann var brúnaþungur og lét brúnirnar síga ákaflega þegar hann var í illu skapi. Það einkenni hans er notað í barnabók um Egil eftir Torfa Hjartarson. Hér virðist vísað til þessa einkennis, hvort sem það er sótt í sagnir um Egil eða í Egils sögu, sem talið er að sé eldri en Laxdæla. Það kemur líka vel heim við sögu Egils að honum hafi þótt skemmtilegt að taka við góðum gjöfum.

7. Kjartan og Bolli

24., 26.–28. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 66–68, 71–77. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1569–74.

Upprifjun

1) Hvers vegna var Bolli tekinn í fóstur?

2) Berið saman lýsingarnar á Kjartani og Bolla.

Umræðuefni

1. Í námsbókinni *Sjálfstæði Íslendinga* I er sagt frá dreng sem var tekinn í fóstur þriggja vetra gamall til þess að rétta hlut föður hans, eftir að hann hafði orðið að láta í minni pokann í deilum. Þessi drengur var mikill höfðingi á Vesturlandi um það leyti sem Laxdæla var skrifuð, og margir frændur hans bjuggu þá og síðar á þeim slóðum þar sem sagan gerist. Munið þið hver drengurinn var? Hvernig samband gæti verið á milli sögu Bolla og drengsins sem sagt er frá í *Sjálfstæði Íslendinga*?

   Í *Sjálfstæði Íslendinga* I, 57–59, er sögð sagan af deilum Sturlu í Hvammi og Páls prests í Reykholti. Jón Loftsson í Odda gerði í málum þeirra þannig að Sturlu líkaði illa, en Jón bætti fyrir það með því að taka Snorra son Sturlu í fóstur. Snorri varð síðar höfðingi í Borgarfirði og dó árið 1241, kannski um það leyti þegar sagan var skrifuð. Þá bjó á Sauðafelli í Dölum Solveig Sæmundardóttir, sonardóttir Jóns Loftssonar, og hafði verið gift bróðursyni Snorra, Sturlu Sighvatssyni. Ólafur Þórðarson hvítaskáld, sem Einar Ól. Sveinsson gaf í skyn að kynni að vera höfundur Laxdæla sögu, var líka bróðursonur Snorra.

Fróðleikur

Erfðareglurnar sem gilda hér í sögunni koma nákvæmlega heim við Grágás, lagasafn sem til er frá þjóðveldisöld. Samkvæmt því áttu börn fædd í hjónabandi að fá allan arf ef þau voru til. Laungetin börn tóku aðeins arf ef ekki voru á lífi skilgetin börn, faðir, móðir eða systkini hins látna. Þá segir þar: „Maður á að gefa barni sínu laungetnu tólf aura, ef hann vill, fyrir ráð skaparfa síns, en eigi meira fé nema erfingar lofi.“ (*Grágás* 47, 62). Ekki er tekið fram að átt sé við tólf aura silfurs, en það hlýtur að vera meiningin. Gull var átta sinnum dýrara en silfur og því hefur þurft að vera á hreinu hvort átt var við í lögunum. Einfaldast er að hugsa sér að þetta hafi verið gildandi lög, hvort sem var á atburðatímanum eða á ritunartímanum. Hitt er svo hugsanlegt líka að höfundur sögunnar hafi flett upp í einhverju handriti Grágásar, fundið ákvæðið þar og notað efnisatriðið í sögu sína.

8. Sverðið Fótbítur

29.–31. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 77–83. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1574–77.

Upprifjun

1) Hvernig komst Geirmundur inn í söguna?

2) Hvers vegna lét Þuríður bora göt á skipsbátinn?

Umræðuefni

1. Hvers vegna skiptir Þuríður á barni sínu og sverði Geirmundar?

   Geirmundur hefur gert henni svívirðingu með því að fara án þess að skilja eftir fé til að framfæra barn þeirra. Þuríður hefnir sín á honum, bæði með því að neyða hann til að taka við barninu og ræna þeim grip sem honum var kærastur. Út úr verknaði hennar má líka lesa aðdróttun um að Geirmundur sé ekki mikið karlmenni; Þuríður felur honum að fóstra ungbarn, sem var fremur kvennastarf en karla, og tekur karlmennskutákn hans, sverðið. Til skýringar á gerð Þuríðar má einnig benda á það sem fræðimenn hafa skrifað mikið um, að fólk hafi bundist minni tilfinningaböndum við ung börn meðan mörg þeirra reyndust verða skammlíf. Fólk hafi sparað sér þá tilfinningaraun að skiljast við barn með því að binda sem minnsta ást við það þangað til það var komið nokkuð á legg.

2. Takið eftir því sem Geirmundur segir um sverðið Fótbít. Haldið þið að álög hans eigi eftir að koma fram í sögunni? Hvers vegna tekur Þuríður ekki mark á orðum hans og skilar sverðinu?

   Það er nánast algilt í Íslendingasögum að álög eða forboðar komi fram. Slík söguatriði þjóna beinlínis því hlutverki að vekja eftirvæntingu hjá lesendum. Eftir þennan kafla vitum við að einhver mikils metinn maður í ætt Þuríðar muni falla fyrir Fótbít. Hins vegar er það alveg í samræmi við hugsunarhátt fólks í Íslendingasögum að taka ekki mark á fyrirboðum; þá væri það farið að sýna hugleysi, ótta við örlög sín, og það þótti skammarlegt. Þetta var fólk sem mat heiður sinn meira en líf sitt eða sinna nánustu.

9. Draumar Guðrúnar Ósvífursdóttur

32.–33. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 85–91. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1578–81.

Upprifjun

1) Hvað var Guðrún Ósvífursdóttir gömul þegar hana dreymdi drauma sína?
2) Hvað merktu draumar Guðrúnar?

Umræðuefni

1. Það er gömul og algeng skoðun að draumar séu fyrirboðar, af þeim megi sjá framtíðina fyrir, ef þeir eru rétt ráðnir. Hvaða skoðun hafið þið á því? Dreymir ykkur fyrir því sem á eftir að gerast? En foreldra ykkar eða annað fullorðið fólk sem þið þekkið? Hafið þið heyrt um aðrar túlkanir á eðli drauma?

   Kenning Sigmundar Freud um drauma hefur líklega rutt mjög út hugmyndum um forsagnargildi þeirra. Samkvæmt henni eru draumar tjáning á leynilegum hugsunum í undirmeðvitund fólks. Þeir koma upp um óskir manns eða ótta, sem maður viðurkennir kannski aldrei fyrir sjálfum sér. Samkvæmt því ættu draumar Guðrúnar í mesta lagi að segja eitthvað um það sem var að brjótast í henni sjálfri um væntanleg hjónabönd sín. En slík túlkun gengur auðvitað ekki upp í sögunni, vegna þess að hún er sögð og skráð handa fólki sem trúði á forsagnargildi drauma. Kaflinn um drauma Guðrúnar beinir athygli lesenda rækilega að henni; nú vitum við að miklir atburðir eiga eftir að gerast í kringum þessa stúlku. Enda eiga draumarnir, eða öllu heldur ráðning Gests á þeim, eftir að mynda eins konar umgerð sögunnar allt til loka hennar.

10. Fyrsta hjónaband Guðrúnar

34. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 93–94. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1582–83.

Upprifjun

1) Lýsið stuttlega hjónabandi Guðrúnar og Þorvalds.

2) Hvernig fór Guðrún að því að losna við Þorvald?

3) Hverju hafði Gestur Oddleifsson spáð um fyrsta hjónaband Guðrúnar?

Umræðuefni

1. Í Grágás, 125, segir: „Ef kona klæðist karlklæðum eða sker sér skör eða fer með vopn fyrir breytni sakir, það varðar fjörbaugsgarð. … Slíkt er mælt um karla ef þeir klæðast kvenna klæðnaði.“ Hins vegar er ekki tekið fram að þetta sé skilnaðarsök, eins og sagt er í Laxdælu. Hver gæti verið skýringin á þessu misræmi Laxdælu og Grágásar?

   Maður getur látið sér detta í hug að þessi lög um hjónaskilnað hafi verið í gildi þegar atburðir Laxdælu gerðust eða þegar sögusagnir um hjónabönd Guðrúnar Ósvífursdóttur urðu til, en þau hafi síðar verið afnumin, eða gleymst, áður en Grágás var skráð, líklega um svipað leyti og Laxdæla. Minna má á að sagan gerist meðal heiðins fólks, en Grágás er verulega mótuð af kristnum áhrifum, og þar er gert ráð fyrir að biskup ráði mestu um það hvort hjónum skuli leyft að skilja. Kaþólska kirkjan var jafnan treg til að leyfa hjónaskilnaði, og er vel líklegt að þeir hafi verið auðsóttari í heiðni. Svo er varla hægt að útiloka heldur að höfundur Laxdælu hniki til lagaákvæðum eftir því sem saga hans þarf með. Ekki er einu sinni víst að hann hafi verið vel að sér í lögum.

2. Hvers vegna lét Þorvaldur tæla sig til þess að klæðast kvenmannsskyrtu? Segir frásögnin eitthvað um mun á vitsmunum þeirra Þorvalds og Þórðar Ingunnarsonar?

Fróðleikur

Í þessum kafla kemur óljóst fram hvernig kvenskyrtur voru frábrugðnar karlskyrtum. En í samtali Guðrúnar og Þórðar í næsta kafla sögunnar (orðum sem sleppt er í endursögninni) segir Guðrún að það sé skilnaðarorsök ef karl hafi „höfuðsmátt svo mikla að sjái geirvörtur hans berar …“ Það er engu líkara en þótt hafi ósæmilegra fyrir karlmenn en konur að sýna geirvörtur berar, gagnstætt því sem nú er. En kannski hefur ekki þótt viðeigandi heldur að konur gengju um á tómri skyrtunni á almannafæri. Yfirleitt er afar óljóst hvað fólk lagði mikið upp úr að hylja líkama sinn á þessum tíma og um það eru engin ákvæði í lögum.

11. Annað hjónaband Guðrúnar

35.–36. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 95–100. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1583–86.

Upprifjun

1) Segið í fáum orðum frá hjónabandi Guðrúnar og Þórðar.

2) Hverju hafði Gestur spáð um þetta hjónaband?

Umræðuefni

1. Hvers vegna er tekið fram í sögunni að það hafi verið gott veður og sólskin þegar þau Guðrún og Þórður riðu yfir Bláskógaheiði á leið til Alþingis?

   Þetta er sviðsetning: við sjáum ferð þeirra fyrir okkur um leið og okkur er sagt hvernig veðrið er. Guðrún er í góðu skapi í sólskininu og byrjar að stríða Þórði. En stríðni hennar hefur alvarlegan undirtón, í framhaldi af því sem hefur gerst á undan. Í rauninni er hún að biðja hans.

2. Þórður sagði Guðrúnu að það væri skilnaðarsök ef karl gengi í kvenskyrtu. En Guðrún segir Þórði að það varði líka skilnað ef kona gangi í karlmannsbrókum. Getur verið að Þórður hafi þekkt annað ákvæðið en ekki hitt?

   Varla. Ætli Þórður sé ekki fremur að fá Guðrúnu til þess að gefa meira upp og nefna skilnaðarsök? Kannski er Þórður eiginlega að segja: „Varstu að meina að ég ætti að skilja við Auði og þú værir þá tilbúin til að giftast mér?“

3. Samkvæmt Grágás máttu konur ekki bera vopn; það kom fram í umræðuefnum með 10. kafla. Hvers vegna segir Þórður þá að Auður hafi gert það sem hún átti rétt til þegar hún særði hann með saxi?

   Hér er verið að tala um djúpstæðari siðareglur en þær sem standa í lögunum. Þórður er að viðurkenna að hann hafi komið illa fram við konu sína með því að skilja við hana.

12. Guðrún og Kjartan

39.–40. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 112–15. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1592–93.

Upprifjun

1) Hvað varð Guðrúnu og Kjartani að ágreiningsefni?

Umræðuefni

1. Hvers vegna vildi Kjartan sigla til Norgegs?

   Það kemur víða fyrir í sögum að Íslendingum þótti heiður að því að komast til annarra landa. Líka má minna á að Kjartan taldi sig af konungakyni, en átti eftir að fá staðfestingu þess sjálfur að hann gæti komist til frama við konungshirð.

2. Hvers vegna vildi Kjartan ekki taka Guðrúnu með sér til Noregs?

   Kjartan gefur sjálfur upp ástæðu sem ekki er meira en svo sannfærandi. Er líklegt að hann hafi haft svo miklar áhyggjur af búskapnum á Laugum? Hins vegar vildu karlmenn hafa sína veröld fyrir sig. Það var karlmennskuraun að sigla til annarra landa og sanna gildi sitt meðal höfðingja, og kannski hefði það dregið eitthvað úr raun Kjartans að hafa konu með sér. Þó kemur fyrir í Íslendingasögum að konur sigli frá Íslandi til útlanda. Í 7. og 8. kafla Laxdælu segir frá því að Þorgerður Þorsteinsdóttir, kona Dala-Kolls „nam eigi yndi á Íslandi eftir dauða Kolls“. Hún sigldi þá til Noregs, giftist þar og eignaðist son sem var nefndur Hrútur. Hann fluttist síðar til Íslands og fer með talsvert hlutverk bæði í Laxdælu og Njáls sögu. Yfir allt þetta er hlaupið í endursögninni.

13. í Noregi

40. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 116–20. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1593–96.

Upprifjun

1) Hvernig kynntist Kjartan Ólafi Tryggvasyni Noregskonungi?
2) Hvers vegna vildi Kjartan brenna Ólaf konung inni?

Umræðuefni

1. Hvers vegna haldið þið að Kjartan spyrji bæjarmanninn ekki að nafni? Ætli hann hafi vitað við hvern hann hafði þreytt keppni?

   Það kemur ekki fram í sögunni hvað Kjartan hugsaði. Eins og algengt er í Íslendingasögum er okkur ekki sagt hvað fólk hugsar eða hvers vegna það gerir það sem það gerir. Af þessari ástæðu verða sögurnar einatt nokkuð torskildar. Aftur á móti gefa þær lesendum með þessu móti nóg að hugsa um. Það er eitt einkenni listar að vera ekki alveg einræð eða auðskilin. En líklega er okkur ætlað að skilja þessa frásögn svo að Kjartan viti að hann hafi þreytt kapp við Ólaf konung. Þar sem konungur var kristinn og vildi fá alla til að taka skírn hefur Kjartan viljað forðast kynni við hann. Ef hann gerðist vinur konungs átti hann erfitt með að neita að skírast.

2. Venjulega er það fremur talið skammarlegt en stórmannlegt í sögum að brenna menn inni. Samt vill sómakær maður eins og Kjartan vinna þannig á Ólafi konungi og Bolli segir: „Ekki kalla ég þetta lítilmannlegt.“

   Siðareglur um skömm og heiður eru ákaflega flóknar. (Þær reynast það líka hjá okkur, ef við skoðum þær nákvæmlega.) Hér er það líklega aðstöðumunur konungs og Íslendinganna sem skiptir máli. Konungur hefur haft svo mikið lið og vel vopnað að engin leið var fyrir Íslendinga að berjast við hann. Þeim hefur fundist nógu mikil hetjudáð að vinna mann með eldi þegar leikurinn var svo ójafn. Kjartan segist líka einkum vilja vinna það til frægðar að brenna konung inni, „að vinna nokkuð það áður er lengi sé uppi haft síðan“. Það hefði varla brugðist honum, ef hann hefði komið áformi sínu fram. En raunar vann hann annað sem hefur dugað býsna lengi til að halda nafni hans í minni manna.

14. Kjartan og Bolli gerast konungsmenn

40. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 120–23. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1596–98.

Upprifjun

1) Hvers vegna lét konungur ekki refsa Kjartani fyrir að ætla að brenna sig inni?

2) Hvað varð til þess að Kjartan ákvað að taka kristni?

Umræðuefni

1. Kjartan og Bolli hafa verið ásatrúar áður en þeir tóku kristni. Rifjið upp eitthvað sem þið vitið um guðina sem þeir trúðu á og hvernig ásatrúarmenn dýrkuðu guði sína.

   Í *Landnámi Íslands*, 58–63, eru nokkrir kaflar um þetta efni, um goð, blót og vættatrú.

2 . Ólafur konungur segist ekki vilja pynta Íslendinga til kristni, „því að Guð mælir svo að hann vill að enginn komi nauðugur til hans“. Hugsaði Ólafur konungur alltaf svona í sögunni?

   Í kaflanum á undan segir að konungur hafi hótað að berjast við Þrændi ef þeir tækju ekki kristni. Í kaflanum á eftir kemur fram að hann hélt íslenskum höfðingjasonum sem gíslum í Noregi til þess að feður þeirra yrðu fúsari til að taka kristni. Varla getur það kallast annað en nauðung. Í Ólafs sögu Tryggvasonar í Heimskringlu eru hrikalegar sögur af því hvernig Ólafur pyntaði menn sem vildu ekki taka kristni, lét höggorm skríða ofan í einn og batt annan í flæðiskeri. En framkoma Ólafs við Kjartan og félaga hans er næsta einstök og á kannski að sýna að konungi hafi litist sérstaklega vel á Kjartan.

15. Bolli fer til Íslands

41.–42. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 124–27. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1598–99.

Upprifjun

1) Hvað hafði Kjartan beðið Guðrúnu að bíða lengi eftir sér?

2) Hvers vegna fór Kjartan ekki heim aftur um leið og sá tími var liðinn?

Umræðuefni

1. Kjartan biður Bolla að bera kveðju sína frændum, „og svo vinum“. Hvað á hann við? Hvernig ætlast hann til að Bolli skilji þessi orð? Hvers vegna biður hann Bolla ekki fyrir ákveðin skilaboð til Guðrúnar og lætur hann skýra fyrir Guðrúnu að Kjartan sé í gíslingu konungs í Noregi?

   Hér verður hver að svara fyrir sig. Líklega þykist Kjartan telja Guðrúnu með vinum sínum. Kannski finnst honum eitthvað lítilmótlegt við að orða boðin nákvæmar við Bolla. Þeir voru vinir og Bolli því skyldugur að gera allt fyrir Kjartan sem hann vissi að kæmi honum best á Íslandi. Það er mikill siður fólks í Íslendingasögum að segja eitthvað minna en það meinar. Grunaði Kjartan kannski að Bolli hefði áhuga á Guðrúnu og var of stoltur til að biðja hann berum orðum að flytja boð á milli þeirra? Eða var Kjartan tregur til að binda sig Guðrúnu frekar en orðið var? Var hann kannski að hugsa um að setjast að í Noregi og ganga að eiga Ingibjörgu konungssystur? Er okkur ætlað að trúa að Kjartan hafi enn verið reiður við Guðrúnu af því að hún vildi ekki að hann færi án sín til Noregs?

2 . Hvað munið þið að segja frá kristnitökunni á Alþingi? Hvaða ár var hún? Hver var það sem fékk menn til þess að samþykkja kristnitökuna? Munið þið eitthvað um hvar menn voru skírðir?

   Frá kristnitökunni er sagt í *Sjálfstæði Íslendinga* I, 22–28.

LAXDÆLA SAGA – KENNARAHANDBÓK – GUNNAR KARLSSON – © NÁMSGAGNASTOFNUN 2010 – 09969

16. Bolli og Guðrún

42.–43. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 127–30. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1599–1601.

Upprifjun

1) Hvernig má sjá að Guðrún þóttu tíðindin af Kjartani ekki eins góð og hún sagði?

Umræðuefni

1. Hvers vegna gefur Bolli í skyn að Kjartan muni ekki koma til Íslands í bráðina og jafnvel ganga að eiga Ingibjörgu konungssystur? – Hefur Bolli ástæðu til að halda að það sé satt?

   Því ekki það? Kjartan hafði ekki beðið Bolla að skila neinu til Guðrúnar. Bolli gat vel ímyndað sér að Kjartan tæki systur Noregskonungs fram yfir bóndadóttur á Íslandi, ef hann ætti kost á henni. Það er oftast einkenni góðra sagna að persónur þeirra eru ekki annaðhvort illar eða góðar; þær eru oftar flókin blanda af illu og góðu, hver og ein. Þess vegna er rétt að lesa hæpin verk sögupersóna með velvilja, það er hluti af því að skilja sögufólk og fá þannig eins mikið út úr sögunni og mögulegt er.

2. Hvers vegna segir Guðrún að það séu góð tíðindi að Kjartan fái Ingibjörgu? Sýnilega finnst henni það ekki gott.

   Söguhetjur Íslendingasagna segja ekki aðeins minna en þær meina; þær segja oft eitthvað þveröfugt. Það er hluti af stolti þeirra að tjá ekki raunverulegar tilfinningar, síst af öllu tilfinningar sínar um eigin ósigur. Við getum kallað þetta sjúklega bælingu, en höfum við ekki öll einhverja tilhneigingu til hennar?

3. Ósvífur segir að Guðrún eigi sjálf að ráða gjaforði sínu af því að hún sé ekkja. Þetta kemur ekki heim við *Grágás*, 109, því þar segir: „Þar er ekkja er föstnuð manni, þá skal hennar ráð fylgja nema faðir fastni, þá skal hann ráða.“ Hver getur verið skýring þess að Laxdælu og Grágás ber ekki saman um þetta?

   Hliðstætt mál er rætt í umræðuefnum með 10. kafla hér á undan.

17. Kjartan kemur til Íslands

43.–44. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 130–34. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1601–03.

Upprifjun

1) Hvaða gjafir fékk Kjartan þegar hann fór úr Noregi og hvaða orð fylgdu þeim?

2) Hvernig stóð á því að Kjartan og Hrefna kynntust?

Umræðuefni

1. Ingibjörg konungssystir segist halda að Kjartan hafi ráðið því einn að fara til Íslands, fremur en aðrir hafi hvatt hann til að fara burt. Hvað er hún að gefa í skyn?

   Ætli hún sé ekki að gefa í skyn að hún viti að Ólafur bróðir hennar vilji halda Kjartani eftir og bjóða honum sig sjálfa að konu? Og með því að gefa í skyn að hún viti það er hún að gefa samþykki sitt. Fyrr í kaflanum nánast býður Ólafur Kjartani Ingibjörgu að konu: „því að hér muntu eiga kost á að fá konu er engin mun slík á Íslandi.“ Ummæli Ingibjargar þjóna því hlutverki að segja lesendum að hún sé þessu samþykk. Við erum látin vita það ótvírætt að Kjartan átti kost á konunglegu kvonfangi í Noregi en tók heimferðina fram yfir það. Þeim mun meiri hljóta vonbrigði hans að vera þegar Guðrún reynist vera gift.

2. Nú eru komnir margir fyrirboðar þess sem á eftir að gerast í sögunni:

   a) Sverðið Fótbítur á eftir að verða að bana einhverjum sem þykir mikilsverður í ætt Hjarðhyltinga. Bolli á Fótbít (8. kafli). Líklegast virðist því að Bolli eigi eftir að vinna vígið.

   b) Ævilok Bolla má lesa út úr ráðningu Gests Oddleifssonar á þriðja draumi Guðrúnar (9. kafli). Hann verður veginn með vopnum.

   c) Kjartan verður ekki vopnbitinn meðan hann ber sverðið sem Ólafur konungur gefur honum í þessum kafla.

   Hver haldið þið nú að eigi eftir að drepa hvern?

Fróðleikur

Óljóst er í smáatriðum hvers konar höfuðbúnaður motur var. Hann er hvergi nefndur í öðrum sögum, en í Snorra-Eddu segir: „Motrur heita þær konur, er hvítum léreftum falda.“ Í Laxdælu er það eitt ljóst að konur vöfðu motrinum að höfði sér, svo að hann hefur verið einhvers konar dúkur til að bera á höfðinu.

18. Haustboð á Laugum

44.–45. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 134–35. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1603–04.

Umræðuefni

1. Trúið þið því sem Bolli segir Guðrúnu, að hann hafi sagt það sem hann vissi sannast um Kjartan?

   Málið er rætt áður í umræðuefnum með 16. kafla. Hér er vakin athygli á því aftur vegna þess að þetta er lykilatriði í sögunni.

2. Hvers vegna vill Kjartan ekki taka við hrossunum af Bolla? – Munið þið eftir því áður í sögunni að Kjartan tók við gjöf af manni og fékk átölur fyrir hjá mönnum sínum? – Segja þessar sögur eitthvað sameiginlega um gjafir?

   Í 13. kafla sagði frá því þegar Kjartan tók við skikkju af Ólafi konungi Tryggvasyni. Gjafir skuldbundu menn; sá sem tók við gjöf af manni féllst með því á að vera vinur hans, að minnsta kosti uns gjöfin var endurgoldin. Kjartan er því að neita vináttu Bolla með því að hafna hrossunum. Kjartan ber því við að hann sé ekki hestamaður, enda stendur vinátta þeirra Bolla enn á yfir-borðinu, meðan Kjartan heimsækir Bolla.

19. Kjartan og Hrefna

45. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 135–39. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1604–06.

Upprifjun

1) Þuríður, systir Kjartans, hefur komið við söguna áður. Hvernig?
2) Hvar og hvenær hafði Kjartan nefnt það áður að hann vildi ganga að eiga Hrefnu?

Umræðuefni

1. Aðferðum við að leita sér að konu er oftast nokkuð svipað lýst í sögunni. Hvað er sameiginlegt með hjónabandsstofnun

   Ólafs páa og Þorgerðar,

   Þórðar og Guðrúnar,

   Bolla og Guðrúnar,

   Kjartans og Hrefnu,

   en öðruvísi þegar Þorvaldur og Guðrún ganga í hjónaband?

   Í öllum fyrrnefndu tilvikunum er leitað samþykkis konunnar. Allar eru þær fúsar til ráðahagsins, nema Guðrún þegar hún giftist Bolla. Jafnan kemur fram að hjónaefnin tala saman áður en þau ákveða að giftast. Þessi hjónabönd verða vissulega ekki öll löng eða heillarík, en engin kona slítur hjónabandi sem stofnað er til með samþykki hennar. Ólíkt því er hjónaband Þorvalds og Guðrúnar. Hún var ekki spurð um vilja sinn, enda reyndist hjónabandið misheppnað frá upphafi.

20. Gripahvörf

46. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 139–44. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1606–09.

Umræðuefni

1. Hvað hefur komið fram í sögunni sem sýnir að Guðrún hlýtur að öfunda Hrefnu mikið af motrinum og er ekki bara afbrýðisöm vegna Kjartans?

   Þegar Guðrún var kynnt til sögunnar, í 9. kafla, var strax sagt að hún væri skartgjörn. Í næsta kafla segir frá því að skartgripakaup hennar urðu misklíðarefni þeirra Þorvalds. Þannig eru meginatburðir sögunnar undirbyggðir löngu fyrir fram svo að þeir orki sem trúverðugir og óhjákvæmilegir þegar að þeim kemur.

2. Hvers vegna vill Þorgerður að Hrefna fari með moturinn í boðið að Laugum?

   Þorgerður er skaphörð kona, það kemur víða fram í sögunni. Ekki er ástæða til að ætla að hún sækist eftir ófriði við Laugamenn, en henni finnst skömm að því að fela moturinn; þá er eins og Hrefna viðurkenni að hún eigi ekki fullan rétt á honum.

3. Hvað á Guðrún við þegar hún segir: „Þó að … þeir menn séu hér sem hafi ráðið því að moturinn skyldi hverfa, þá virði ég svo að þeir hafi að sínu gengið.“ – Gekk Guðrún að sínu þar sem moturinn var? – Flettið upp í 17. kafla. Hverjum gaf Ingibjörg í raun og veru moturinn?

   Vafalaust ber að skilja þetta svo að Guðrún segist sjálf eiga moturinn, hann hafi verið ætlaður sér. Þá er óútskýrt hvernig Guðrún vissi hvað Ingibjörg sagði þegar hún gaf Kjartani moturinn, því væntanlega hafa þau talað saman í einrúmi. En kannski hefur Kjartan fleiprað eitthvað um það við félaga sína, áður en hann vissi að Guðrún var gift heima á Íslandi. Svo má ekki gleyma því að Guðrún var vitur kona og gat hugsanlega getið sér til um það hverri moturinn var ætlaður.

4. Menn höfðu fyrir satt að bróðir Guðrúnar hefði brennt moturinn í eldi að ráði Guðrúnar, segir í lok kaflans. Er það örugglega rétt?

   Í Íslendingasögum er almannarómur oft notaður til að koma til lesenda vitneskju sem ekki er auðvelt að koma að með öðrum hætti. Að jafnaði mun ætlast til að lesendur trúi almannarómi, nema þeim sé beinlínis sagt annað. En ekkert er algilt í þeim efnum, svo að við getum enn verið í svolitlum vafa um afdrif motursins.

21. För Kjartans að Laugum

47. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 144–46. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1609.

Upprifjun

1) Hvað gerði Kjartan til að hefna sín á Guðrúnu og fjölskyldu hennar?

Umræðuefni

1. Kjartan hafði sextíu menn í för með sér, en heima á Laugum hafa varla verið nema milli tíu og tuttugu menn vopnfærir. Kjartan hefði því getað ráðist að þeim og drepið þá sem hann vildi. Hvers vegna lætur hann nægja að loka þá inni?

   Verk Kjartans er sjálfsagt meiri svívirðing fyrir Laugamenn en árás með vopnum. Það var ekkert sérstaklega skammarlegt að falla fyrir ofurefli, hins vegar vafalaust mikil óvirðing að vera sviptur frelsi sínu og komast ekki á salerni. Þó hefur aðgerð Kjartans talist minni misgerð en ef hann hefði drepið Bolla eða nánustu ættingja Guðrúnar. Deila Kjartans og Laugamanna er að magnast upp, eins og algengt er í Íslendingasögum. Laugamenn hafa stolið sverði Kjartans og motri Hrefnu; það hefur verið fremur minni háttar misgerð og óhetjuleg. Kjartan svarar með annarri minni háttar misgerð, og þó væntanlega talsvert alvarlegri en gripastuldurinn var. Í lok kaflans segir að nú gerðist fullur fjandskapur milli Hjarðhyltinga og Laugamanna; eftir þetta er varla hægt að talast við með öðru en vopnum.

2. Er okkur ætlað að trúa að Hrefna hafi frétt eitthvað frá Laugum áður en Kjartan kom heim þaðan? – Ef ekki, hvers vegna segist hún þá hafa heyrt að þau Kjartan og Guðrún hafi talað saman? – Hvaða tilfinningar eru tjáðar með orðum hennar? – Eða með svari Kjartans?

   Samtal Hrefnu og Kjartans sýnir spennuna á milli þeirra. Hrefna skynjar fjandskap Kjartans við Laugamenn eðlilega sem merki þess að hann sé enn ósáttur við að hafa fengið sig en ekki Guðrúnu. Hrefna fyllist afbrýðisemi og lætur hana bitna á Kjartani. Hann skilur hvað Hrefna meinar, finnur að það er satt og bregst við með því að særa Hrefnu.

Fróðleikur

Það kemur enn skýrar fram í sögunni en í endursögninni að misgerð Kjartans við Laugamenn var einkum sú að hleypa þeim ekki á salerni. Þar segir að Kjartan „bannaði öllum mönnum útgöngu og dreitti þau inni þrjár nætur“. Sögnin *dreita* er mynduð af *dríta* (nú *drita*), eins og *beita* af *bíta*. Að *dreita inni* merkir því að „láta drita inni“.

22. Jarðakaup

32., 47. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 85–86, 146–47. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1578–79, 1609–10.

Umræðuefni

1. Ekkert bendir til þess í sögunni að Kjartan hafi haft neina þörf fyrir landið í Tungu. Hvers vegna leggur hann þá kapp á að kaupa það?

   Kjartan er sýnilega aðeins að gera Bolla og Guðrúnu bölvun, ögra þeim og sýna að hann geti ráðið hvort þau fá tækifæri til að auka lönd sín. Það er sérkennilegt að þetta er önnur ögrun Kjartans í röð. Venjulega magnast deilur þannig upp að aðilar gera hvor öðrum eitthvað til bölvunar til skiptis, en nú hafa Laugamenn ekki gert neitt á hlut Kjartans síðan hann dreitti þá inni.

2. Þegar gerðir eru samningar nú á dögum þarf enn votta. Vitundarvottar eru þeir kallaðir og votta að þeir sem skrifa undir samninginn hafi gert það sjálfir, ótilneyddir og vitandi vits. Vottarnir sem vantar að jarðakaupum Bolla en eru við jarðakaup Kjartans höfðu dálítið annað hlutverk og mikilvægara. Getið þið ímyndað ykkur hvert það var?

   Þetta fólk kunni ekki að skrifa (nema kannski að rista rúnir á tré og stein) og gerði því ekki skriflega samninga. Vottarnir urðu því að geta borið um það að samningur hefði verið gerður og hver ákvæði hans væru.

3. Hvað meinar Þórarinn í Tungu þegar hann segir: „Dýrt mun mér verða drottins orð um þetta mál“?

   Málsháttur: „Dýrt er drottins orðið“ mun oftast hafður um orð konunga í fornsögum. Menn segja þetta þegar þeir láta undan orðum konungs. Þórarinn er því í rauninni að segja: „Ég verð að láta undan þér með þetta því að þú ert voldugri en ég.“

LAXDÆLA SAGA – KENNARAHANDBÓK – GUNNAR KARLSSON – © NÁMSGAGNASTOFNUN 2010 – 09969

23. Kjartan fer vestur í Saurbæ

47.–49. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 147–51. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1610–13.

Upprifjun

1) Hvernig eggjar Guðrún bræður sína og eiginmann til að fara að Kjartani?

Umræðuefni

1. Hvers vegna er Kjartan svona óvarkár? Hann segir Þórhöllu málgu allt satt um ferðir sínar, þótt hann hljóti að gruna að hún muni segja frá þeim á Laugum. Hann fer ekki að ráðum Auðar að forðast að mæta Laugamönnum fámennur. Hann hefði hvort sem var getað beðið fram yfir páska í Saurbænum eða þegið boð Auðar um fylgd suður um Sælingsdal.

   Kjartan hlýtur að vera nógu framsýnn til að sjá að hann stefnir í að mæta Laugamönnum. Haldið er opnum möguleikum um hvað hann hugsar fleira. Sjálfur segir hann fylgdarmönnum sínum úr Saurbænum að hann vilji ekki láta hlæja að hugleysi sínu, auk þess trúi hann ekki að Bolli muni ráðast að sér en gefur í skyn að hann vilji gjarnan bera sigurorð af Ósvífurssonum. Kannski trúir Kjartan þessu sjálfur. Hitt er líka hugsanlegt að hann stefni meðvitað í dauðann. Kannski finnst honum hann búinn að eyðileggja líf sitt með því að láta Guðrúnu ganga sér úr greipum. Í 21. kafla sáum við hvernig ást þeirra Guðrúnar stendur á milli hans og Hrefnu. Að drepa Bolla mundi aðeins bæta níðingsverki við óhamingju hans.

2. Draumur Áns svarta er ekki ráðinn í sögunni, en sýnilega er hann talinn fyrirboði um vígaferli. Hvernig munduð þið ráða drauminn?

   Draumurinn reynist auðvitað fyrirboði eins og allir draumar í Íslendingasögum. Hvað hann táknar kemur fram í næsta kafla.

24. Mannvíg í Svínadal

49. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 151–55. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1613–15.

Umræðuefni

1. „Og er þér nú vænst að veita öðrumhvorum," segir Kjartan við Bolla. Heldur hann í raun og veru að Bolli muni liðsinna sér á móti mágum sínum sem hann hefur fylgt í fyrirsátinni?

   Kannski dettur honum það í hug. Vinátta Kjartans og Bolla var eldri en tengsl Bolla við Ósvífurssyni. Enn hafði Bolli ekki sýnt Kjartani neinn fjandskap; hann hafði bara freistast til að halda að Kjartans væri ekki von til Íslands aftur. Líka getur Kjartan verið að storka Bolla; þá meinar hann í raun: „Ef þú værir sannur drengskaparmaður stæðirðu með mér í þessum bardaga, uppeldisbróður þínum og frænda."

2. Guðrúnu þótti mestu um vert að Hrefna gengi ekki hlæjandi að sænginni eftir að Kjartan var veginn. Hvað upplýsa þessi orð um tilfinningar Guðrúnar?

   Guðrún kemur ógætilega upp um sig með þessum orðum, hún reynist stjórnast af afbrýðisemi í garð Hrefnu fremur en hatri á Kjartani og hefndarhug til hans. Þetta skilur Bolli, reiðist við og svarar konu sinni því að hún vildi hann sjálfan fremur dauðan en Kjartan.

3. Hver á mesta sök á dauða Kjartans?

   Guðrún er óneitanlega ráðbani hans. Bolli veitti honum banasár og var líklega öðrum fremur upphafsmaður að missætti þeirra. Loks má kannski segja að Kjartan hafi kallað dauða sinn yfir sig sjálfur, að Bolli hafi ekki átt um annað að velja en drepa hann.

Fróðleikur

„Misjöfn verða morgunverkin; ég hef spunnin tólf álna garn, en þú hefur vegið Kjartan," segir Guðrún við Bolla. Í Möðruvallabók segir raunar ekki *morgunverkin* heldur *hermdarverk*, sem helst er talið merkja „frægðarverk", „verk sem menn munu herma, þ.e. segja frá". Ólafur Halldórsson hefur getið sér þess til að í frumhandriti sögunnar (sem ekki er til lengur) hafi staðið *voðaverkin* (eða *váðaverkin* eins og skrifað var í fornu máli). Ef það hefur verið, fer Guðrún hér með orðaleik: Bolli hefur unnið voðaverk, „óviljaverk" eða „óhappaverk", en hún spunnið garn í voð. Þannig gerir Ólafur tilsvar Guðrúnar snjallara en það er í nokkru handriti. Ekki hafa þó allir viljað fallast á kenningu hans, enda þykir hæpið að halda að eitthvað hafi staðið í sögu sem finnst ekki í neinu handriti hennar. Óvíst er líka hvað Guðrún á við með orðunum „tólf álna garn". Flestir hafa talið að hún ætti við garn í tólf álna langa voð, en það væri um sex metra löng voð, og væntanlega næstum metri á breidd. Það væri furðumikið, og einhverjum mun hafa dottið í hug að Guðrún hafi aðeins spunnið tólf álna langan garnspotta, sex metra. Það merkir þá að hún hafi verið eirðarlaus og ekki komið sér að verki.

25. Eftirmál

49–52. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 155–59. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1615–17.

Upprifjun

1) Hver urðu örlög Hrefnu?

Umræðuefni

1. Lýsið afstöðu Ólafs páa eftir fall Kjartans. Hverju er Ólafur að reyna að koma til leiðar?

   Ólafur vill umfram allt hlífa Bolla, fóstursyni sínum. Hann beinir hefndarþorsta sona sinna að sonum Þórhöllu málgu, mönnum sem honum hefur verið nokkuð sama um. Síðan tekur Ólafur að leita sátta og gætir þess að Bolli komi ekki til sáttafundar, líklega til þess að synir hans, og jafnvel hann sjálfur, þurfi ekki að þola þá raun að hitta hann. Hann dæmir Ósvífurssyni til skóggangs og Bolla til að greiða bætur, svo að sóma Hjarðhyltinga sé gætt án þess að Bolla verði verulegur skaði að. Loks gerir hann ráðstafanir til að Bolli og Guðrún fái Tunguland og viðurkennir með því að Kjartan hafi verið ósanngjarn þegar hann meinaði þeim að kaupa það.

2. Þekkið þið sögur af einhverjum sekum skógarmönnum í Íslendingasögum?

   Grettir Ásmundsson er frægasti skógarmaður Íslendinga, og um hann eru til barnabækur, *Grettir sterki* eftir Þorstein Stefánsson og *Sagan af Gretti sterka* eftir Einar Kárason. Áður kunna lesendur að hafa kynnst lestrarbókinni *Grettir og berserkirnir* eftir Kristján Guðmundsson. Sennilega kannast líka einhverjir við Gísla Súrsson, meðal annars vegna þess að hann er aðalpersóna í kvikmynd Ágústs Guðmundssonar, *Útlaganum*. Eftir kvikmyndahandritinu hefur Indriði G. Þorsteinsson samið bók sem líka heitir *Útlaginn*. Í *Sjálfstæði Íslendinga* I, 83, er mynd af Arnari Jónssyni leikara í hlutverki Gísla í myndinni. Í sömu bók, 53, segir frá því að Kolbeinn Tumason lét dæma presta seka skógarmenn samkvæmt landslögum, en Guðmundur biskup Arason bannfærði menn Kolbeins.

26. Hefndarhvöt Þorgerðar

52.–53. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 161–62. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1618.

Umræðuefni

1. Hvers vegna haldið þið að Þorgerður sé alltaf grimmari við Bolla en Ólafur bóndi hennar?

   Hér kemur til greina skap Þorgerðar, sem drepið var á í umræðuefnum með 20. kafla. Hún var dóttir Egils Skallagrímssonar sem lét menn ógjarnan eiga illt hjá sér lengi. Svo má segja að Ólafur hafi borið meiri ábyrgð á því að Bolli var fóstraður upp hjá þeim hjónum í Hjarðarholti. Hann hafði tekið við Bolla til að bæta fyrir undanbrögð föður síns við bræður sína, eins og sagt var frá í 7. kafla. Fjandskapur Kjartans og Bolla var mikill ósigur fyrir Ólaf.

2. Hvers vegna þóttist Þorgerður ekki þekkja bæinn í Tungu eða vita hverjir byggju þar?

   Konur báru að jafnaði ekki vopn og máttu það ekki samkvæmt lögum, eins og rætt var í umræðuefnum með 10. kafla. Ef konur vildu koma fram hefndum urðu þær að eggja karlmenn til þess, og til þess beita þær ýmsum einkennilegum ráðum. Ein leiðin er að gera lítið úr körlunum, og það gerir Þorgerður við syni sína hér. Óbeint er hún að segja við þá: „Maður hlýtur að halda að það hafi farið fram hjá ykkur hvar Bolli á heima; annars væruð þið búnir að fara að honum og drepa hann.“

3. Í Íslendingasögum segir fólk oft minna en það meinar. Gott dæmi er um það hér í kaflanum. Finnið það.

   Halldór Ólafsson segist ekki munu kenna móður sinni um það þótt hann gleymi vígi Kjartans. Í rauninni meinar hann að hún leggi furðulega mikið á sig til þess að minna hann á það.

27. Hefndin

53.–56. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 162-69. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1618–22.

Upprifjun

1) Hjónaband Guðrúnar og Bolla var þriðja hjónaband hennar. Hvernig hafði hana dreymt fyrir því?

Umræðuefni

1. „Skógur var þykkur í dalnum í þann tíð," segir í sögunni og þar með gefið í skyn að skógurinn sé minni þegar sagan er rituð. Rifjið upp hve langur tími hefur líklega liðið frá atburðum sögunnar til ritunartíma hennar.

   Á þetta er aðeins drepið ónákvæmt í inngangsorðum sögunnar í nemendaheftinu, en rækilegar er það rætt í kaflanum „Um Laxdæla sögu" hér á undan. Aðförin að Bolla á að hafa verið farin rétt eftir aldamótin 1000; söguhöfundur virðist einna helst gera ráð fyrir henni árið 1007. Sagan er talin rituð á milli 1230 og 1260, þ.e. um 250 árum síðar.

2. Þorgerður bað Steindór son sinn heilan njóta handa. Hvað átti hún við?

   Hún biður hann að njóta handa sinna heilan. Hún óskar þess að hann fái heilbrigður og óskaddaður að njóta þess sem hann hefur gert með höndum sínum þegar hann heggur Bolla.

3. Hvers vegna heldur Halldór að Guðrún vilji vita nákvæmlega hverjir voru með í aðförinni að Bolla?

   Hann gerir vafalaust ráð fyrir að hún sé þegar farin að hugsa um að hefna hans. Til þess þarf hún að vita hverjir voru með í förinni.

4. Í kaflanum rætist ein forspá, um þriðja hjónaband Guðrúnar, og önnur birtist. Hver er hún?

   Orð Helga Harðbeinssonar, „að undir þessu blæjuhorni búi minn höfuðsbani". Síðar á eftir að koma fram hvernig hún rætist.

28. Guðrún flyst að Helgafelli

56.–58. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 169-71, 174–75. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1622–25.

Upprifjun

1) Hvers vegna vildi Þorkell Eyjólfsson ekki kvænast Guðrúnu í byrjun?

Umræðuefni

1. Snorri goði kemur við margar sögur og heldur alltaf svipuðum einkennum. Hann er vitur, framsýnn, svolítið brögðóttur og jafnvel undirförull, en þó sómakær maður. Hann er svolítið nefndur í sambandi við kristnitökuna á Alþingi. Munið þið eftir því eða getið þið fundið það?

   Í *Sjálfstæði Íslendinga* I, 24, er sögð stuttlega saga af manni sem kom á Þingvöll, þegar menn þrættu þar um kristnitöku, og sagði að hraun rynni í áttina að bæ Þórodds goða í Ölfusi. Heiðnir menn sögðu að ekki væri undur þótt goðin reiddust slíkum tölum. Þá var það Snorri goði sem svaraði með fyrstu jarðfræðiathugun sem segir frá í sögu Íslendinga: „Um hvað reiddust goðin þá er hér brann hraunið er nú stöndum vér á?“

2. Í Íslendingasögum er stundum sagt að tekist hafi góðar ástir með hjónum eftir að þau gengu í hjónaband. Ekki lítur út fyrir að Guðrún hafi elskað Bolla mikið þegar þau giftust, en getum við séð merki þess í sögunni, í þessum kafla og fyrr, að með þeim hafi tekist góðar ástir í hjónabandinu?

   Draumur Guðrúnar í 9. kafla er strax merki þess að hún eigi eftir að bera heitar tilfinningar til Bolla. Þegar gullhringur hennar brotnar þótti henni það „líkara harmi en skaða“. Henni finnst hún vera sorgmæddari en eðlilegt væri ef hún hefði bara misst dauðan hlut. Í 27. kafla vill Guðrún vera hjá Bolla þegar hann mætir banamönnum sínum, og hún fer þegar að hugsa um hefnd eftir hann, ef Halldór Ólafsson hefur skilið gerðir hennar rétt. Í þessum kafla kemur svo fram að Guðrún getur ekki afborið að búa í nágrenni við banamenn Bolla. Hún lætur skíra son sinn Bolla og ann honum mikið. Allt er þetta til merkis um að Guðrún hafi séð mikið eftir Bolla.

29. Ráðagerð um hefnd

59.–60. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 176–81. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1625–28.

Upprifjun

1) Hve langt var liðið frá vígi Bolla þegar hefndarförin var skipulögð?

2) Hvernig eggjar Guðrún syni sína til að hefna Bolla?

3) Hvernig var Þorgils Hölluson talinn á að taka þátt í hefndarförinni?

Umræðuefni

1. Snorri goði segir að ekki sé hægt að jafna saman vígum Bolla og Lamba Þorbjarnarsonar. Hvað á hann við?

   Ekki var sama hver var drepinn í hefnd fyrir mann. Til þess að manns væri fullhefnt þurfti að vega einhvern sem var talinn um það bil jafnmikill maður. Snorri er að segja að Lambi sé ekki nógu mikill maður til þess að nóg sé að hefna sín á honum. Lamba hefur sýnilega ekki verið talið það nógu mikið til ágætis að vera kominn af Mýrkjartani Írakonungi.

2. Hvernig maður virðist Þorgils Hölluson vera, samkvæmt því sem haft er eftir honum í þessum kafla?

   Dregið er fram að Þorgils sé sjálfhælinn og einfaldur. Hann gortar af að þora að fara að Helga Harðbeinssyni eða hverjum sem er öðrum og gengur í gildru Snorra goða. Hann er alger andstæða Snorra og sýnilega ósamboðinn Guðrúnu sem eiginmaður.

30. Skorradalsför

61.–62. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 181-86. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1628–31.

Umræðuefni

1. Hvernig hefnir Guðrún sín á Þorsteini svarta og Lamba Þorbjarnarsyni?

   Fátt gat verið skammarlegra en að láta neyða sig til þess að fara með ófriði að fyrrum bandamönnum sínum. Þorsteinn og Lambi eru látnir borga fyrir aðförina að Bolla með því að þola þá svívirðu.

2. Í þessum kafla er Þorgils Hölluson orðinn miklu klókari maður en hann var í kaflanum á undan. Hér kemst hann að því með brögðum hvar Helgi er og stjórnar aðförinni þannig að hún tekst fullkomlega. Hver getur verið skýringin á því að hann sýnir á sér svona nýja hlið?

   Ætli söguhöfundhafiekkibaralangaðtilaðkomaaðsnjöllubragðiogfundið því helst stað hér? Svo er auðvitað hugsanlegt að um Þorgils hafi gengið ólíkar sagnir og eitthvað af báðum gerðum hafi komist inn í söguna.

31. Bani Helga Harðbeinssonar

63.–65. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 186–93. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1631–35.

Upprifjun

1) Segið frá dauða Helga Harðbeinssonar.

Umræðuefni

1. Það er einkenni bestu Íslendingasagna að jafnvel aukapersónur fá sérkenni. Þetta á til dæmis við um Helga Harðbeinsson. Er ekki eitthvað sameiginlegt með því sem hann segir í 27. kafla og í þessum kafla?

   Helgi kemur á báðum stöðum fram sem harðjaxl, hugaður og óvæginn. Þannig verður líka sennilegt að hann, sem annars kemur ekkert við söguna, geti talist verðug hefnd fyrir Bolla.

2. Bolli Bollason byrjar að fá persónueinkenni í þessum kafla. Það sýnir göfugmennsku hans og hetjulund að hann þyrmir Harðbeini Helgasyni. Hvers vegna hefði verið freistandi að láta drepa hann?

   Harðbeinn hlýtur að vera líklegur hefnandi föður síns, ekki síst af því að hann er viðstaddur víg hans. Án hrísmagi gekk fyrstur inn í selið á móti Bolla Þorleikssyni af því að hann hafði verið við víg Kjartans.

Fróðleikur

Sagan af smalamanni Helga Harðbeinssonar er býsna ólíkleg; hann lýsir aðkomumönnum svo nákvæmlega að Helgi þekkir jafnvel menn sem hann hefur aldrei séð. Skýringin mun vera sú að þetta er útlend sögn, upphaflega sögð um riddara sem báru ákveðin skjaldarmerki. Þeim var miklu auðveldara að lýsa svo að þau væru þekkjanleg. Slíkar sögur munu algengar í evrópskum riddarasögum. Höfundur Laxdælu hefur ekki getað stillt sig um að nota þetta söguefni þótt það ætti illa við Íslendinga.

32. Fjórða hjónaband Guðrúnar

65., 67.–69. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 194–203. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1635–40.

Upprifjun

1) Hvernig hafði Guðrúnu dreymt fyrir fjórða hjónabandi sínu?

Umræðuefni

1. Hvað merkir það að Guðrún hefur hundrað manns í brúðkaupsveislunni en brúðguminn og Snorri goði koma ekki með fleiri en sextíu?

   Með þessu er sjálfsagt verið að sýna höfðingsskap og stórmennsku Guðrúnar. Í því birtist bæði vinafjöldi hennar og rausn að bjóða svo mörgu fólki í veislu.

2. Hvers vegna er tekið fram að Þorkell og menn hans hafi verið úti að þvo sér þegar þeir hitta Gunnar Þiðrindabana?

   Þetta er sviðsetning, líkt og bent er á í umræðuefni með 11. kafla. Við eigum kannski ekki auðvelt með að sjá mennina fyrir okkur við vatnið, en upphaflegir lesendur eða áheyrendur sögunnar vissu hvernig menn fóru að því að þvo sér fyrir svefninn, og þeir hafa getað sviðsett atburðina í huga sér. Þessi tiltekna sviðsetning er að vísu ekki uppfinning Laxdælu-höfundar, því hún mun komin úr Gunnars þætti Þiðrindabana, sem segir líka frá þessum atburði, og mun vera eldri (*Íslenzk fornrit* XI, 210, sbr. lxxxvi-lxxxvii).

33. Fráfall Þorkels Eyjólfssonar

69.–76., 78. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 203–18, 221–23, 228. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1640–48, 1650–51, 1653.

Upprifjun

1) Hvernig eyddi Guðrún ævinni eftir að Þorkell bóndi hennar dó?

Umræðuefni

1. Sagan af skiptum þeirra hjóna við Gunnar Þiðrindabana kemur ekki vel heim við draum Guðrúnar um hjónaband þeirra Þorkels í 9. kafla. Hvert er misræmið og hvernig er hugsanlegt að skýra það?

   Guðrúnu dreymdi að hún bæri hallt höfuðið undir hjálminum, því að hann var nokkuð þungur, og það réði Gestur svo að fjórði maður hennar mundi bera ægishjálm yfir hana. Sagan af skiptum þeirra við Gunnar sýnir allt annað; Guðrún ræður öllu sem hún vill og fær Þorkel ekki aðeins til að þyrma Gunnari heldur gefa honum skip í ofanálag. Það er engu líkara en höfundur hafi skipt um stefnu í þessu atriði eftir að hann skráði söguna um drauminn.

34. Þeim var ég verst

77.–78. kafli sögunnar. – *Íslenzk fornrit* V, 224–29. – *Íslendinga sögur* (Svart á hvítu), 1652–54.

Umræðuefni

1. Hvern á Guðrún við þegar hún segir: „Þeim var ég verst er ég unni mest“?

   Flestir munu hafa lesið þetta tilsvar svo að Guðrún eigi við Kjartan. En Aðalsteinn Davíðsson hefur bent á merki þessi sögunni að Guðrún hafi unnað Bolla mikið, eða að minnsta kosti hafi henni fundist það eftir á. Bolli líður henni ekki úr minni og tólf árum eftir dauða hans leggur hún ofurkapp á að hans sé hefnt. Og þá vaknar spurningin: Hverjum var Guðrún í rauninni verst? Hún réði Kjartani bana. En hún neyddi Bolla til að vinna níðingsverk og kallaði með því dauða yfir hann. Hugmynd Aðalsteins er athyglisverð og víst er að sagan segir frá djúpum tilfinningum Guðrúnar til Bolla. En samtal mæðginanna í lokakafla sögunnar bendir þó fremur til þess að hún eigi við Kjartan. Bolli spyr fyrst: „Hverjum hefur þú manni mest unnað?“ Guðrún svarar með því að gefa eiginmönnum sínum einkunnir. Bolla grunar að hún sé að forðast spurningu hans og því spyr hann aftur: „En hitt hefur þú enn ekki sagt hverjum þú unnir mest.“ Það er eins og Bolli sé að fiska eftir því að sá sem Guðrún unni mest sé kannski ekki einn af eiginmönnum hennar. Svar Guðrúnar bendir til að hún skilji grun hans og hún ætli að segja honum leyndarmál: „En ef ég skal það nokkrum segja, þá mun ég þig helst velja til þess.“ Þá kemur loks svar Guðrúnar og það staðfestir grun Bolla. Það hefði tæpast verið svona erfitt fyrir Guðrúnu að segja Bolla syni sínum að hún hafi unnað föður hans mest eiginmanna sinna. Sagan virðist því styðja þá túlkun að í ellinni hafi Guðrúnu fundist að hún hafi elskað Kjartan mest allra manna. Á undan þessum lokakafla hefur sagan lengi snúist um Bolla og síðar Þorkel, ásamt Guðrúnu. Hér virðist vera minnt á Kjartan á ný og sagt, óbeinum orðum: Samt sem áður var Kjartan stóra ástin í lífi Guðrúnar.

Þegar sagan er öll

1. Þetta verkefni er aðeins ætlað þeim sem hafa gaman af tölum: Teljið saman hvað Guðrún hefur verið orðin gömul, að minnsta kosti, þegar hún sagði Bolla syni sínum að hún hefði verið verst þeim sem hún unni mest. Í leiðinni rifjið þið upp atburðarás sögunnar eftir að Guðrún verður aðalpersóna hennar.

   a) Flettið upp í 10. kafla og finnið hvað Guðrún var gömul þegar hún giftist fyrst og hvað þau Þorvaldur bjuggu lengi saman.

   b) Af 11. kafla má ráða nokkurn veginn hvað hún hefur verið orðin gömul þegar Þórður Ingunnarson fórst.

   c) Ekki er hægt að lesa út úr sögunni hve langt líður frá því að Þórður ferst og þangað til Guðrún kynnist Kjartani, eða hve lengi þau Guðrún og Kjartan þekkjast áður en Kjartan og Bolli fara utan. Ef við viljum finna út lágmarkstíma, þá er hann að minnsta kosti tvö ár.

   d) Í 15. kafla má lesa hve marga vetur Bolli var í Noregi. Út frá því er auðvelt að reikna hve gömul Guðrún er þegar hún giftist Bolla, árið sem hann kemur til baka.

   e) Við skulum gera ráð fyrir að Guðrún og Bolli hafi búið saman í sjö ár. Fyrst eru þau gift eitt ár áður en Kjartan kemur. Svo magnast fjandskapur þeirra Kjartans og Bolla í tvö ár. Eftir dauða Kjartans flytja Guðrún og Bolli að Tungu. Þar fæðist Þorleikur sonur þeirra og hann er orðinn fjögurra vetra þegar faðir hans er veginn (eins og kemur fram í 56. kafla sögunnar sjálfrar).

   f) Í 29. kafla kemur fram hve langt leið frá vígi Bolla og fram að hefndinni eftir hann.

   g) Guðrún giftist ekki Þorkatli fyrr en árið eftir hefndina. Við skulum gera ráð fyrir að Gellir sonur þeirra hafi verið getinn eftir brúðkaupið, svo að þar má enn bæta við ári. Svo segir í 33. kafla hve gamall Gellir var þegar faðir hans fórst.

   h) Í 34. kafla kemur fram hve langt hefur liðið, að minnsta kosti , frá drukknun Þorkels og fram að samtali þeirra mæðgina.

Að öllu þessu samanlögðu má reikna út hve gömul Guðrún var orðin, að minnsta kosti, þegar Bolli Bollason bar upp spurningu sína.

   a) Hún er 15 ára þegar hún giftist Þorvaldi, 17, er þau skilja;

   b) 18 ára þegar Þórður skilur við Auði, giftist honum líklega sama ár, býr með honum í tvö ár og er þá tvítug þegar hún missir Þórð;

   c) er a.m.k. 22 ára þegar Kjartan og Bolli fara utan;

   d) 25 ára a.m.k. þegar Bolli kemur aftur og þau giftast;

   e) ekki yngri en 32 ára þegar Bolli er veginn;

   f) 44 ára, eða nokkru eldri, þegar Bolla er hefnt;

   g) 45 ára a.m.k. giftist hún Þorkatli, fæðir Gelli 46 ára (sem sýnir að miklu *eldri* getur hún ekki verið), missir Þorkel 14 vetrum síðar, þegar hún er um sextugt;

h) heimtir Bolla son sinn heim 64 ára gömul og hlýtur að vera orðin 65 ára þegar Bolli heimsækir hana frá Tungu.

Í kaflanum „Um Laxdælasögu“ hér á undan kom fram að þetta tímatal kemur ekki heim við raunveruleikann, en hér erum við að tala um innra tímatal sögunnar og Guðrúnu sem persónu hennar, ekki Guðrúnu raunveruleikans.

2. Í gamla Austurbænum og Norðurmýri í Reykjavík eru margar götur nefndar eftir persónum úr Íslendingasögum og Landnámu. Finnið á kortinu persónur úr Laxdæla sögu og segið hverjar þær voru.



3. Nú hafið þið kynnst frægasta ástarþríhyrningi Íslendingasagna. Segið álit ykkar á sögunni. Látið koma fram kosti og galla og það sem ykkur fannst vera markverðas.

Heimildir

Aðalsteinn Davíðsson: „Um Laxdælu.“ Mímir III:I (1964), 14–16.

Cook, Robert: „Women and Men in Laxdæla saga.“ *Skáldskaparmál* II (1992), 34–59.

Einar Kárason: *Sagan af Gretti sterka*. Myndir eftir Jüri Arrak. Einar Kárason endursagði. Rv., Mál og menning, 1995.

Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason sáu um útgáfuna. Rv., Mál og menning, 1992.

Gunnar Karlsson: *Sjálfstæði Íslendinga* I. Íslensk stjórnmálasaga þjóðveldisaldar, skrifuð handa börnum. Rv., Námsgagnastofnun, 1985.

Helga Kress: „Mjök mun þér samstaft þykkja.“ Um sagnahefð og kvenlega reynslu í Laxdæla sögu. *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur* (Rv., Sögufélag, 1980), 97–109.

Helgi Skúli Kjartansson: „De te fabula … Samtíð Sturlunga í spegli Laxdælu.“ *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum* I (Rv., Bókmenntafélag, 1994), 377-87.

Indriði G. Þorsteinsson: *Útlaginn. Byggt á Gísla sögu Súrssonar*. Rv., Prenthúsið, 1981.

Íslendinga sögur og þættir II. Ritstjórar: Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson. Rv., Svart á hvítu, 1986.

Íslenzk fornrit I. Íslendingabók. Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Rv., Fornritafélag, 1968.

– IV. Eyrbyggja saga. Grænlendinga sögur. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Rv., Fornritafélag, 1935.

– V. Laxdæla saga. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Rv., Fornritafélag, 1934.

– XI. Austfirðinga sögur. Jón Jóhannesson gaf út. Rv., Fornritafélag, 1950.

Jónas Kristjánsson: „Bókmenntasaga.“ *Saga Íslands* III (Rv., Bókmenntafélag, 1978), 259–350.

Kristján Guðmundsson: *Grettir og berserkirnir*. Kristján Guðmundsson endursagði. Myndir Margrét Laxnes. 2. útg. Rv., Námsgagnastofnun, 1993.

Landnám Íslands. Rv., Námsgagnastofnun, 1982.

Louis-Jensen, Jonna: „A Good Day´s Work: Laxdæla Saga, Ch, 49.“ *Twenty-Eight Papers Presented to Hans Bekker-Nielsen on the Occasion of his Sixtieth Birthday* (Odense, Odense University Press, 1993), 267–81.

Ólafur Halldórsson: „Morgunverk Guðrúnar Ósvífursdóttur.“ *Skírnir* CXLVII (1973), 125–28.

Torfi Hjartarson: *Egill*. Rv., Námsgagnastofnun, 1988.

Þórhallur Vilmundarson: „Bemærkning om navnet *Melkorka*.“ *Namn och bygd* LXXVIII (1990), 211–12.

Þorsteinn Stefánsson: *Grettir sterki. Söguleg skáldsaga frá tímum Íslendingasagnanna*. Þýðing: Sigrún Klara Hannesdóttir. Rv., Skjaldborg, 1991.